

POLICY BRIEF

Samantekt um pólitíska stefnumörkun Gæði í raunfærnimati á Norðurlöndum



Nordic Network for
Adult Learning



Sérfræðingarnet NVL um raunfærni leggur til þekkinguna sem er grundvöllur undir þessari samantekt um stefnumörkun.

KYNNING

Þessi samantekt um pólitíska stefnu er unnin af Norræna tengslanetinu um nám fullorðinna (NVL) til að varpa ljósi á þann árangur sem náðst hefur á sviði raunfærnimats. Jafnframt til að benda á frekari aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að styðja við norræna áætlun um hæfni til framtíðar og eflingu norrænu hagkerfanna.

Í netinu eru fulltrúar lykilstofnana sem koma að þróun stefnu og framkvæmd raunfærnimats á

→ www.norden.org/en/information/competencies-future

Norðurlöndunum og Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum. Netið hefur starfað síðan 2005 þegar Norræna ráðherra-nefndin beindi sjónum að viðurkenningu og mati á fyrri námi og setti raunfærnimat (RFM) í forgang í norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu.



FRAMÚRSKARANDI

– Gæði í raunfærnimati á Norðurlöndunum

Raunfærnimatsnetið gerði SVÓT greiningu á meðal lykilaðila sem sem koma að raunfærnimati og menntayfirvalda á Norðurlöndum haustið 2020. Þátttakendur voru frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi sem og Færeyjum og Álandi. Samtals 10 stofnanir tóku þátt í greiningunni: fulltrúar háskólamenntunar, starfsmenntunar og þjálfunar, óformlegrar menntunar (alþýðufræðslu) og stofnana.

Gæði í raunfærnimati varða

- Stjórnun og starfshætti raunfærnimats
- Gæði raunfærnimatsferlisins
- Hæfnipróun þeirra sem koma að matinu

BAKGRUNNUR

Net NVL um raunfærnimat hefur allt síðan 2011 unnið að því að efla gæði í raunfærnimati. Það ár fengu nokkrar stofnananna sem eiga fulltrúa í netinu styrk frá Nordplus til þess að beina sjónum að gæðum í raunfærnimati á Norðurlöndunum. Netið gegndi hlutverki stýrihóps í verkefninu. Verkefnið lagði grunn að frekari þróunarverkefnum á sviði gæða í raunfærnimati.

Netið hefur kannað gæði í raunfærnimati frá ólíkum sjónarhornum, fyrir þá sem koma að og þá sem bjóða upp á raunfærnimat sem og stefnumótendur til þess að stuðla að bættum gæðum raunfærnimats á Norðurlöndunum, í Evrópu og víðar.

Margar ástæður liggja að baki þess að gæði í raunfærnimati eru mikilvægur þáttur í ferlinu. Í fyrsta lagi, til þess að byggja kerfi og ferli sem *njóta trausts hagaðila og samfélagsins alls*. Með kerfisbundnum og gagnsæjum verklagsreglum er auðveldara að skapa traust. Í annan stað eru *fá eða engin hagnýt verkfæri* til fyrir bæði þá sem koma að raunfærnimati og umsjónaraðila sem og stefnumótendur á Norðurlöndum eða í Evrópu. Í þriðja lagi dekkja gæði í raunfærnimati viðtækt og flókið svið og því er þörf fyrir stöðugan stuðning og þróun og *það krefst skuldbindingar af hálfu þeirra sem koma að matinu, þeirra sem halda utanum framkvæmd og stefnumótenda*.

Styrkleikar

Algengustu styrkleikar á Norðurlöndum voru samstarf hagsmunaaðila, réttindi einstaklinga sem og öflug löggjöf og stefna í löndunum varðandi raunfærnimat.

„Sterk hvatning til að þróa ferla í samvinnu við ýmsar greinar.“

„Samstarf við svið rannsókna, þróunar og nýsköpunar.“

„Skuldbinding við atvinnulífs- og hæfnitengda menntun, sem hvorutveggja veita tækifæri til mats á raunfærni.“

„Stytttri leiðir til þjálfunar.“

„Stytttri leið til menntunar og þjálfunar og almennrar hæfnipróunar.“

„Löggjöf um starfsmenntun styður við raunfærnimat.“

„Hlutverki allra sem koma að raunfærnimatsferlinu er lýst í löggjöfinni.“

„Lagarammi sem veitir einstaklingum rétt til raunfærnimats er til staðar.“

Veikleikar

Veikleikar voru aðeins fjölbreyttari en oftast var lýsing á skorti á leiðsögn og stuðningi, gæðatryggingu sem og ófullnægjandi tölfraði og eftirfylgni.

„Ófullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til borgaranna um tækifæri og ávinning af raunfærnimati.“

„Leiðsögn snýst frekar um námsráðgjöf, en heildræna sýn á starfsferilsráðgjöf og hæfnipróun.“

„Skortur á innlendum gæðaviðmiðum hindrar samræmda starfshætti milli framkvæmdaaðila.“

„Engin menntun eða hæfnipróun fyrir fagfólk sem kemur að raunfærnimati er fyrir hendi.“

„Gæðastjórnunarkerfi lýsa raunfærnimati ekki sérstaklega heldur eru þau hluti af ólíkum þáttum til dæmis mati á námi.“

„Skortur er á gagnaöflun og tölfraði liggur ekki fyrir til dæmis um fjölda einstaklinga sem hafa fengið mat á raunfærni.“

Ógnir

Könnunin benti til þess að hæfnipróun þeirra sem koma að raunfærnimati og yfirvalda sem og fjármögnun og bjargir væru taldar algengustu ógnirnar.

„Þörf er á aukinni áherslu á hæfni þeirra sem koma að raunfærnimatinu.“

„Ófullnægjandi kröfur um þjálfun fyrir þá sem koma að raunfærnimati sýna jafnframt að eitthvað skorti upp á þekkingu á öllu því sem lýtur að mati á raunfærni.“

„Þjálfunaraðilar hafa mismunandi venjur og hæfni á sviði raunfærnimats.“

„Tryggja að fulltrúi atvinnulífsins sé til staðar og að hæfni og leikni á sviði raunfærnimats séu uppfærðar.“

„Fjármögnun framkvæmdaraðila raunfærnimats dregur úr vilja til að leggja mikinn tíma í raunfærnimatsferlið.“

„Takmarkaðar fjárveitingar.“

„Skortur á björgum veldur erfiðleikum við þróun og eftirfylgni þróunar sértækra spurninga.“

Tækifæri

Tækifærin fólust aðallega í samvinnu við hagsmunaaðila og réttindum einstaklinga.

„Traust og langvarandi samstarf við fyrirtæki: Þróun heildstæðs náms (full degree) þar sem viðmið fyrir matinu eru skilmerkilega skilgreind.“

„Samstarf tengslaneta og faglegar umræður meðal ýmissa aðila tengdum raunfærnimati svæðisbundið og á landsvísi stuðla að því að tryggja samræmda aðferðafræði og gæði matsins.“

„Samstarf við þá sem mennta kennara til að efla tækifæri til rannsókna og miðlun góðra starfsaðferða.“

„Efla alþjóðlegt jafningjamat.“

„Hæfni sem aflað er í óformlegu námi vikkar námsferilsskrá einstaklingsins og veitir heildstæða sýn á hæfni hans.“

„Veitir tækifæri til að nýta hæfni sem aflað er í frístundastarfi við formlegt nám og störf.“

„Farandfólkið hefði meiri möguleika á að fá atvinnu ef hæfni væri metin út frá hæfniviðmiðum atvinnulífsins.“

Norrænn gæðaviti fyrir raunfærni

Raunfærnimatsnetið gaf út safn verkfæra á netinu í desember 2020. Verkfæri Norræna gæðavítans eru byggð á vinnu netsins á árunum 2011–2016.

Nú er hægt að nýta verkfærin til fulls, og einnig er tækifæri til þess að stofna eigin aðgang og þróunaráætlun. Í verkfærasafninu eru tvö verkfæri fyrir mat á kerfi og verklagi og þrenn verkfæri fyrir þá sem koma að matinu (matsaðila, ráðgjafa og verkefnastjóra) til sjálfsmats.

→ Nálgastr má verkfærin að kostnaðarlausu á <https://qualitycompass.eu>.

Nauðsynlegt er að efla raunfærnimat

Greiningin, sem gerð var þvert á landamæri, endurspeglar að mat á raunfærni á sér fyrst og fremst stað og nýtur kerfisbundins stuðnings í tengslum við formlega menntun.

Miklar og örar breytingar á samfélögunum gera ríkari kröfur en áður um að raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins öðlist staðfestingu í lögum og um samstarf hagsmunaaðila til þess að styrkja ávinning starfsmanna af raunfærnimati við þróun hæfni- og starfsferils. Í tilmælum NVL netsins um hæfnipróun í og fyrir atvinnulífið er mælt eindregið með slíkum áherslum.

Útgáfa NVL er varða gæði í raunfærnimati

- **2012**
→ [Gæði í raunfærnimati á Norðurlöndum](#)
- **2013**
→ [Gæðalíkan fyrir raunfærnimat](#)
- **2015**
→ [Norræn hæfniviðmið fyrir þá sem starfa við raunfærnimat](#)
- **2016**
→ [Mat á raunfærni og gildi færinnar – Vegvísir 2018](#)
→ [ValiGuide – norrænn vettvangur um raunfærnimat sérstaklega ætlaður öllum sem sinna raunfærnimati](#)
- **2018**
→ [Gæði í raunfærnimati – rannsóknarskýrsla](#)
- **2020**
→ [Norrænn Gæðaviti fyrir mat á raunfærni](#)

Framtíðarmarkmið og tillögur fyrir framkvæmdaaðila og stefnumótendur

- Tala fyrir gæðastjórnun bæði á norrænum og evrópskum vettvangi eins og til dæmis 4. Raunfærnimatstvíæringnum 2022, Evrópsku raunfærnimats hátíðinni og á norrænum viðburðum.
- Styðja kerfisbundið við mat á færni sem afluð hefur verið í atvinnulífinu, utan við formlega menntakerfið.
- Hvetja til samstarfs og samræðna á milli hagsmunaaðila til að tryggja gæði í raunfærnimati og til að draga dulda hæfileika vinnuafslisins fram í dagsljósið (þar með taldar örvottanir).
- Koma Norræna gæðavitanum í raunfærni á framfæri á Norðurlandamálunum og tryggja þýðingar til dæmis í gegnum samstarf EPALE og NVL til viðbótar við framlag þjóðanna.
- Koma Norræna gæðavitanum í raunfærni á framfæri og nýta gæði í raunfærnimati til þess að vinna að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Norrænu framtíðarsýninni 2030 norden.org/en/our-vision-2030.
- Efla ráðgjöf í raunfærnimati með því að semja sameiginlegar norrænar leiðbeiningar.
- Styrkja tengslin á milli viðmiðaramma þjóðanna NQFs, óformlegrar menntunar, formlausrar menntunar og raunfærnimats til aukins gagnsæis og meiri gæða.
- Efla alþjóðlegt samstarf um gæði í raunfærnimati: (EPALE, UNESCO stofnunarinnar um ævinám, Raunfærnimatstvíæringssins, Raunfærnimats-hátíðarinnar og annarra).